

L Ö G

um breyting á lögum nr. 29 3. nóv. 1915, um þingsköp Alþingis.

54

14. nóv.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Fyrstu málsgr. 3. gr. laganna skal orða svo:

Þá skal kjósa forseta sameinaðs þings, og gengst hann fyrir kosningu tveggja varaforseta, fyrsta og annars, og tveggja skrifara.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda á þann hátt á Alþingi 1934, að kosinn skal annar varaforseti jafnskjótt sem lögin hafa hlotið staðfestingu.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 14. nóvember 1934.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Hermann Jónasson.